

Ed.

617. Nefndarálit

[264. mál]

um frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með löggjöf um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins var lögð sú kvöð á alla aðila í sjávarútvegi að geyma eftir atvikum hluta af verðhækkun, sem kæmi fram yfir ákveðna viðmiðun. Með þessu móti skyldi reynt að hamla á móti áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum. Í 1. gr. laga um sjóðinn segir: „Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.“ Með þessu móti var lögð sérstök kvöð unframt aðra aðila þjóðfélagsins á alla þátttakendur í sjávarútvegi í þeim tilgangi að hefða verðbólguþróun. Þeim var sem sagt gert að skyldu að afsala sér hluta tekna sinna og geyma um óákveðinn tíma. Í raun þýddi þetta, að ekki var skilað öllum gjaldeyri til framleiðenda eða þjóðarbúsins fyrir seldar afurðir. Það, sem haldið var eftir, átti að varðveita í Seðlabanka Íslands. Í 2. gr. laganna er kveðið nánar á um, hvernig með skuli fara það fé, sem geymt er. Þar segir: „Verði breyting á gengi íslensku krónunnar, skal fé sjóðsins umreiknast til hækkunar eða lækkunar, eftir því sem við á, í samræmi við gengisbreytinguna, að því leyti sem það kann að vera ávaxtað í íslenskum krónum.“

Hér er komið að efni þessa frumvarps. Eins og löggin gera ráð fyrir má ætla, að stór hluti sjóðsins eða jafnvel allt fé hans sé geymt í erlendri mynt og varðveitt þannig. Þetta er tilgangur laganna, svo að ekki komi til verðrýrnunar, vegna gengisfalls á íslensku krónunni. Ef allt væri með felldu í búskap okkar og Seðlabankinn ætti jafnan eitthvað af erlendum gjaldeyri, sýndist réttmætt, að eign Verðjöfnunarsjóðs væri varðveitt eingöngu sem hreint geymslufé í erlendri mynt og þá sem hreinn varasjóður fyrir sjávarútveginn eins og upphaflega var til ætlast. En svo ömurlega hefur tekist til, að við síðustu gengisfellinguna reyndist eign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri svo örsmá, að bankinn getur ekki staðið við gengistrygginguna og því er þetta frv. flutt, til þess að losa hann undan skyldu sinni og koma tapinu yfir á ríkissjóð. Það hefur sem sé komið í ljós, að húið var að lána þetta fé út í raun og auka þar með á verðbólguna þvert ofan í tilgang laganna. Eins og oft áður verður svo ríkissjóður að hlaupa undir bagga og hann skal bjarga, þótt rýr sé, og veit enginn hve miklu er hér á hann ávísað gagnvart framtíðinni. Þetta kann að vera óhjákvæmilegt miðað við ríkjandi ástand, en er ömurlegt tákni um stjórnlaust efna-hagsástand.

Einnig er í þessu frv. sett inn nýtt ákvæði, sem er þó í heimildarformi, en það kveður svo á, að eftirleiðis megi lána bönkum og öðrum sjóðum fé á vegum Verðjöfnunarsjóðs hér innanlands með 100% gengisáhættu. Gera má ráð fyrir að þetta sé nauðsynlegt og ætti að tryggja eign sjóðsins í íslenskum krónum talið. En varla verður fýsilegt fyrir atvinnulífið að taka slík lán, ef höfð er í huga tíðni gengisfellinga á síðastliðnum árum og hin geygvænlega verðrýrnun íslensku krónunnar.

Þetta frv. er talið eiga rétt á sér, þar sem ekki hefur reynst unnt að varðveita inneign Verðjöfnunarsjóðs sérstaklega í erlendum gjaldeyri og ráðstafa eingöngu í beinu sambandi við verðsveiflur á sjávarafurðum okkar, sem þó var upphaflegur tilgangur laganna um sjóðinn.

Við undirritaðir höfum hér að framan gert grein fyrir skoðunum okkar á þessu máli. En með hliðsjón af því, að staðreynd er, að gjaldeyrissjóðir okkar eru uppétnir, munum við ekki greiða atkvæði gegn frv., en það verður að koma í hlut stjórnarflokkanna að bera ábyrgð á þróun þessara mála.

Alþingi, 8. maí 1975.

Jón Árm. Héðinsson,
frsm.

Stefán Jónsson.